Nd. **536. Breytingartillögur** [195. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „veðdeild Búnaðarbanka Íslands" í 1. mgr. komi: Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

b. 2. málsl. 4. mgr. orðist svo:

Þeir, sem lagt hafa fé í stofnlánadeild landbúnaðarins og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr Stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar.